

myndi steinarnir tala. Fólkini hefir verið boðið að þegja. En nú eru steinarnir farnir að tala. Og fólkis verður einnig að fara að rjúfa þögnina og fara að taka undir með þeim. Steinarnir eru ekki eingöngu samhljóða í sínum vitnisburði um það, að jörðin hafi ekki orðið til á sex dögum, heldur og líka að menn hafi búið hér á þessari jörð löngu fyrir þann tíma sem Gyðingatrúin segir heiminn skapaðann.

Nú í þessum mánuði halda Gyðingar nýárshátið sína, sem ber upp á 26. sept., þá eiga að vera liðin frá sköpun heimsins 5666 ár. En eftir því sem fornleifar Egypta bera með sér, þá er tímaútreikingur sá sem vér brúkum enn til þessa dags uppgötvadur árið 4241 fyrir tímatal vort, og ef maður bætir svo þar við 1906 árum, þá eru nú liðin 6147 ár síðan. Fyrir svo löngum tíma var fólk komið svo langt á menningarbrautinni að það kunni skil á gangi himintunglanna og gat reiknað út lengd árstíðanna svo að sem næst engu skakkaði. *En það er sem næst 500 árum áður en G. T. segir heiminn skapaðann.* Hér er þá annað misherni, sem ervitt verður að laglæra þótt einhver vildi gera sig ánægðan með að segja að sex sköpunardagarnir þyddi sex tímabil. Aldur mannsins talinn frá Adam eftir því sem sagt er til um aldur allra patriarkanna verður að eins 5666 ár.

ENN fremur verður fornfræðin ekki þess vör að gengið hafi flóð (syndaflóð) yfir alla jörðina nú fyrir rúnum 4000 árum. Um þær mundir er verið að byggja Pyramidana voldugu á Egyptalandi og geta engar heimildir um vinnufolkstöf frá því verki sökum flóða né vinnufolkseklu, er öllu mannsfólki var gjör eytt á jörðunni. Verkið hélt áfram og var fullkomnað, og stendur upp til þessa dags, sem voldugur vottur þekkingar hugvitsssemi og dugnaðar fornaldarinnar.

Fornfræðin hefir þokað ritningunni utar, úr efsta sætinu, og sett hana á bekk með öðrum bókum fornaldarinnar—að mörgu leyti sem lærðómsríka og séistaka bók.— En það hefir annar komið til gestaboboðsins er verðugri þykir fyrir að skipa það sæti, og til þess kærkomna gests hefir allur hluti hins mentaða heims sagt „þoka þér ofar vinur“. Og þessi mannvínur, sem nú er